

62. Stóra Sandvík¹




¹ Ísor 2009. *MT-mælingar á Reykjanesi 2008*. Guðni Karl Rosenkjær og Ragna Karlsdóttir. Unnið fyrir HS Orku hf. ÍSOR-2009/002. Febrúar 2009. ISBN 978-9979-780-80-9.

Ísor 2005. *TEM-mælingar á Reykjanesi 2004*. Ragna Karlsdóttir, ÍSOR-2005/002.

Ísor 2004. *Háhitakerfið á Reykjanesi. Jarðfræði- og jarðhitalíkan*. Hjalti Franzson. Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. ÍSOR-2004/012.

Samkvæmt viðnámsmælingum gæti verið virkjanlegur háhiti í Stóru Sandvík þar sem Stampagosrein sker jarðskjálftabeltið norður af Reykjanesi. Norðaustlægir gjáveggir liggja um svæðið og afmarka sigdældina á Reykjanesi að norðan. Hugsanlegt er að jarðhitakerfið sé samtengt kerfinu á Reykjanesi eða öllu heldur hluti þess í Stampagosrein. Um náttúrufar vísast til lýsingar á Reykjanesi.

Sprungusveimar á Reykjaneskaga eru sýndir á mynd 25 ásamt legu smáskjálftabeltis. Hún sýnir ráðandi NA-SV sprungur, en einnig koma fram N-S sprungur sem taldar eru merki um N-S sniðgengi. Athyglisvert er að smáskjálftabeltið liggur vestan við háhitakerfið, yfir gossprungur Stampanna. Beltið var upphaflega kortlagt í hrinu smáskjálfta sem varð á áttunda áratug síðustu aldar. Upplýsingar frá skjálftaneti Veðurstofunnar Reykjanes - Eldey (pers. uppl. Steinunn Jakobsdóttir) sýna að þéttleiki smáskjálfta er enn mestur á þessum slóðum, frekar en á jarðhitasvæðinu sjálfu. Skjálftabeltið liggur áfram til suðvesturs en fellur meira saman við setlagadældirnar norðan við upphleðslureinarnar við fyrstu sýn. Tengsl sjávarhryggjanna – sérstaklega hryggjarins sem tengist Stampa gígaröðinni – við skjálftarennuna benda til að “langtímalega” skjálftabeltisins sé bundin á þessum slóðum. Sú mynd er smám saman að birtast að rekhryggur á Reykjanesi sé samsettur af sigdæld norðan megin og upphleðslurein sunnan megin. Síðarnefnda reinin gæfi til kynna meira kvikuflæði til yfirborðs og þar með hærri berghita í skorpu, en niðurstreymi kalds sjávar væri aftur á móti meira ráðandi í sigdældinni.



Mynd 25. Sprungukerfi á Reykjanesi (byggt á korti Kristjáns Sæmundssonar og Sigmundar Einarssonar 1980) og legu smáskjálftabeltis byggð á mælingum Sveinbjörns Björnssonar 1971-1976.

Niðurstöður MT- djúpvíðnámsmælinga gefa til kynna að jarðhita kunni að vera að finna á Stóru Sandvíkursvæðinu. Ekki er unnt að meta stærð hugsanlegs jarðhitageymis því verulegur hluti hans gæti legið utan við ströndina. Boranir þarf til að fullvissa sig um hvort nýtanlegur hiti sé á svæðinu. HS Orka hf hefur ekki haft uppi áform um nýtingu jarðhita á þessu svæði en telur það mjög áhugavert til frekari könnunar. Líklegt er að jarðhitakerfið sé tengt jarðhitakerfinu á Reykjanesi og því mætti líta á Stóru Sandvík sem annan virkjunarstað á

Reykjanessvæðinu. Bora þyrfti 2-3 km könnunarholu – t.d. á ská frá norðri til suðurs inn undir Sandvík nærri ströndinni. Fyrir nokkrum árum voru uppi hugmyndir um að reisa magnesíumverksmiðju á svæðinu og kom þá til greina að aflu háþrýstigufu til hennar á meintu jarðhitasvæði Sandvíkursvæðisins. Nálægð Stóru Sandvíkur við starfssvæði HS Orku hf á Reykjanessvæðinu gerir virkjun hagkvæmari.